



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Jöklaborg

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	5
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	8
4. Starfsþróunarsamtöl.....	11
5. Fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans	11
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	12
7. Foreldrasamstarf	13
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	14
9. Þróunarverkefni.....	14
10. Fylgiskjöl:	15
10.1 Innra mat Hlíðar 2025-2026	15
10.2 Innra mat á Höll 2025-2026.....	16
10.3 Innra mat Sels og Kots 2025-2026.....	17
10.4 Innra mat Heima- og Vinabóls 2025-2026	18
10.5 Umbótaáætlun deilda 2026-2027	19
10.6 Umsögn foreldraráðs.....	28





1. Greinargerð leikskólastjóra

Á skólaárinu einkenndist rekstur leikskólans af meiri stöðugleika í mönnun en verið hefur um árábil. Sjaldan reyndist nauðsynlegt að loka starfsemi vegna manneklu yfir vetrarmánuðina og fyrirkomulag vinnutímaskipulags stuðlaði að auknum fyrirsjáanleika, þar sem starfsfólk vann jafnlanga vinnudaga í stað þess að ljúka vinnu á hádegi einn dag í viku.

Viðvera talmeinafræðings frá Suðurmíðstöð reyndist afar vel og er stefnt að áframhaldandi samstarfi á því sviði. Þá verður starf listasmíðjustjóra eflt með markvissari skipulagningu verkefna fyrir barnahópa sem tengjast þeirri vinnu sem fram fer á deildum.

Samstarf við brúarsmiði gekk vel á skólaárinu. Þeir komu í leikskólann til að styðja við starfsfólk skólans og framkvæmdu málþroskamat hjá börnum og héldu jafnframt upplýsingafund fyrir pólskumælandi foreldra í lok júní. Samstarfið hefur reynst mikilvægur þáttur í að efla samskipti við fjölskyldur og styðja við málþroska barna.

Áfram var lögð rík áhersla á starfsþróun og símenntun starfsfólks. Einn starfsmaður stundaði nám í leikskólakennarafræðum og annar meistaranám samhliða starfi. Þá hafa fleiri starfsmenn lýst yfir áhuga á frekara námi á komandi skólaári. Tveir starfsmenn luku Fagnámskeiði 1 og þrír luku Fagnámskeiði 2 hjá Mími sem var á vegum stéttarfélagsins Eflingar.

Á starfsdögum var boðið upp á fjölbreytta faglega fræðslu um læsi, áherslupætti í Reggio Emilia, mikilvægi húbors og fleira. Starfsfólk sótti jafnframt námskeið um einhverfu, skráningar, grunn- og framhaldsnámskeið í PECS, EFI 2 og fleiri námskeið sem styðja við faglega þróun og aukna hæfni í starfi.

Á næstu árum verður unnið markvisst að endurnýjun húsbúnaðar og búnaðar í leikskólanum. Þar er meðal annars um að ræða borð, stóla, hillur og annan fastan búnað, auk þess sem námsgögn og leikefni eru og verða endurnýjuð jafnt og þétt eftir þörfum. Mótuð hefur verið áætlun um endurnýjun búnaðar sem verður nánar tímasett á haustmánuðum. Nú þegar hefur verið lokið við endurnýjun stóla á þremur deildum og næsta skref verður að endurnýja húsbúnað á yngstu deild leikskólans. Framkvæmdum verður síðan haldið áfram í áföngum þar til markmiðum um að skapa öruggt, aðlaðandi og vel búið náms- og starfsumhverfi fyrir börn og starfsfólk hefur verið náð.

Veikindafjarvistir starfsfólks hafa verið umfram það sem æskilegt er og verður sérstök áhersla lögð á að greina mögulegar orsakir og styðja við aukna viðveru á skólaárinu 2026–2027. Í því skyni mun leikskólinn taka þátt í verkefni á vegum mannauðssviðs Reykjavíkurborgar, **Virk viðverustefna**, sem miðar að því að efla vellíðan starfsfólks, draga úr fjarvistum og styðja við heilbriggt vinnuumhverfi. Jafnframt var óskað eftir athugun á húsnæði leikskólans til að kanna hvort umhverfisþættir gætu haft áhrif á líðan starfsfólks. Gerðar hafa verið rakamælingar og loftgæði voru mæld í völdum rýmum leikskólans á fjögurra vikna tímabili. Þegar þessi starfsáætlun er gefin út liggja niðurstöður mælinganna ekki enn fyrir. Þær verða yfirfarnar þegar þær berast og brugðist verður við þeim með viðeigandi hætti ef tilefni gefst til.

Áherslur í faglegu starfi leikskólans á komandi skólaári verða áfram á málörvun. Áfram sinnum við verkefnunum með Lubba www.lubbi.is. Orðaforðapæmun okkar hafa virkað vel og höldum við áfram að sinna því verkefni. Þessu til viðbótar verður áhersla á félagsfærni. Haldið verður áfram markvissri innleiðingu Barnasáttmálans og vináttuverkefninu með Blæ [Vinátta - Barnaheill](#). Að auki verður unnið áfram samkvæmt hugmyndafræði Reggio Emilia og er leikskólinn að hefja samstarf með fjórum





Öðrum leikskólum í Reykjavík til að vinna betur að þeirri innleiðingu. Það er spennandi verkefni og verða skólarnir með sameiginlegan starfsdag þann 30.september.

Á komandi skólaári verður lögð aukin áhersla á að efla vinnustaðamenningu leikskólans með markvissri rýni á starfshætti, samskipti og verklag. Markmiðið er að greina styrkleika og umbótataækifæri og þróa starfsemina þannig að hún styðji enn betur við faglegt samstarf, vellíðan starfsfólks og gæði skólastarfs.

Jafnframt verður unnið að endurskoðun ferla, verklags og áætlana með það að markmiði að auka öryggi í starfi, skýrleika og samræmd vinnubrögð.

Breytingar vegna innleiðingar nýju Reykjavíkurleiðarinnar munu einnig hafa jákvæð áhrif á mönnun og skipulag starfseminnar á komandi skólaári.

Tveir starfsmenn voru í námi síðasta vetur annar í leikskólakennarafræðum og einn að taka meistaraþéttindi. Einn starfsmaður er að fara í nám og læra leikskólaliðann og annar er að fara í nám í leikskólakennarafræðum.

Þrír starfsmenn tóku Fagnámskeið eitt og tvö á vegum Eflingar og Mímis í vor.

Við erum þakkát fyrir gott og jákvætt samstarf við foreldra. Bæði foreldrafélag og foreldraráð hafa verið virk og sýnileg í starfinu.





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið?	Málörvun og læsi
Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum og stjórnendafundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Að vel gengur að sinna þessum þáttum og við viljum halda áfram á sömu braut. Starfsfólk ánægt með að allir fái hlutverk í verkefninu og að taka þátt í að sinna þessu.

Hvað var metið?	Að aðlagast 36 stunda vinnuviku
Hvernig fór matið fram?	Á starfsmannafundi
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk sagði sína skoðun á breytingu á skipulagi vinnutímans sem áður var 8 klst í fjóra daga og fjórar klukkustundir einn dag, en er nú 7klst og 12 mínútur á dag.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Starfsfólk var sammála um að þetta gengi betur svona bæði starfsins vegna og persónulega. Sveigjanleiki er til staðar og hægt að koma á móts við einstaka starfsmenn sem þetta nýja fyrirkomulag hentar ekki, enda hentar það starfseminni vel.





Ytra mat

Hvað var metið?	Endurgerð lóðar
Hvernig fór matið fram?	a) börnin voru spurð. b) foreldrar fengu senda könnun í tölvupósti. c) starfsfólk kom með hugmyndir á deildarfundi og deildarstjóri bar þær upp á stjórnarfundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Elstu börnin í leikskólanum, foreldrar og starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Að börnin höfðu mest fram að færa varðandi hvaða leiktæki ættu að vera í garðinum. Nánast allt sem börnin óskuðu eftir komst á blað og er nú á teikningu af lóðinni okkar. Þar má finna trampólín, sulu eldhús og drullusvæði, minni sandkassa, körfurólu, gróðurhús, kóngulóarklifrugrind og fleira og fleira. Við erum full tilhlökkunar eftir þessum flotta garði. Þátttakan í þessari könnun var frábær hjá börnum og starfsfólki. Frá foreldrum bárust örfáar tillögur.

Hvað var metið?	Stofnun ársins 2025
Hvernig fór matið fram?	Könnun send á allt starfsfólk með tölvupósti.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk. Svarhlutfall var 45%





Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)

Þátttaka starfsfólks í starfsmannakönnuninni var undir væntingum þrátt fyrir ítrekaðar hvatningar um þátttöku. Af þeim sökum teljast niðurstöðurnar ekki fyllilega marktækar, en þær veita engu að síður mikilvægar vísbendingar um upplifun starfsfólks og þau atriði sem vert er að beina sjónum að.

Þeir þættir sem komu best út í könnuninni voru upplifun starfsfólks af jafnræði óháð aldri, trú eða lífsskoðunum, ánægja með matar- og kaffiaðstöðu og ánægja með lýsingu í húsnæðinu.

Þeir þættir sem skoruðu lægst voru launakjör, hljóðvist og starfsandi. Þessar niðurstöður verða hafðar til hliðsjónar í áframhaldandi umbóta- og þróunarstarfi leikskólans. Sérstök áhersla verður lögð á að efla vinnustaðamenningu og starfsanda, auk þess að skoða þá þætti sem eru á valdi leikskólans að bæta.

Niðurstöður starfsmannakönnunar hafa orðið okkur hvatning til að hefja markvissa endurskoðun á starfsemi leikskólans. Um er að ræða þróunarvinnu sem mun fara fram í áföngum, þar sem markmiðið er að efla vinnustaðamenningu, styrkja samvinnu og skapa sameiginlegan skilning á gildum, markmiðum og starfsháttum skólans.

Við viljum skoða alla helstu þætti starfsins með það að leiðarljósi að allt starfsfólk vinni á samrýmdan hátt, þekki hlutverk sitt og ábyrgð og geri sér grein fyrir þeim styrkleikum sem búa í starfseminni. Jafnframt viljum við nýta þá möguleika sem felast í því að þróa og efla gott starf enn frekar.

Í þessari vinnu verður meðal annars farið yfir starfslýsingar, verklag og verkferla með það að markmiði að skýra ábyrgð, stuðla að samræmdum vinnubrögðum og auka gæði starfsins. Einnig verður unnið að gerð nýs starfsmannasáttmála sem endurspeglar sameiginleg gildi, væntingar og faglega sýn starfsfólks.





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Vinnustaðamenning.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að skýra verkferla og ábyrgð. Stuðla að samræmdum vinnubrögðum og auka gæði starfsins.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skýra verkferla, að allir þekki sínar starfslýsingar.
Ábyrgð	Stjórnendateymi skólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 til apríl 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Endurmeta í maí. Það fer eftir matsaðferðum hverju sinni. Í það minnsta metum við á starfsmanna- og deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að allir viti hvers er ætlast til af þeim í starfi. Að upplýsingar og verkferlar séu skýrir og aðgengilegir.





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hugmyndafræði Reggio Emilia.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Innleiða/styðja og styrkja Jöklaborg í að verða sterkur leikskóli sem starfar samkvæmt hugmyndafræði Reggio Emilia.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Jöklaborg, í samræmi við nokkra aðra leikskóla í borginni, ætla sameiginlega í þróunarverkefni sem felst í því að vinna að því markmiði að verða sterkir skólar sem starfa í anda Reggio Emilia.
Ábyrgð	Leikskólastjórar sem koma að verkefninu eru frá eftirfarandi leikskólum: Jöklaborg, Sunnuás, Austurborg, Árborg og Bjartahlíð.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Samstarf nokkurra leikskóla hófst fyrir ári síðan. Jöklaborg er að ganga inn í það núna en nokkrar skólar hafa jafnframt hætt þátttöku. Á fundi í september verða teknar sameiginlega ákvarðanir um framhald verkefnisins og hvernig því skuli háttað.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Frekari upplýsingar þar að lútandi verða aðgengilegar eftir starfsdag í september.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Frekari upplýsingar þar að lútandi verða aðgengilegar eftir starfsdag í september.





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	UNICEF réttindaskóli, annað ár.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna verði innleiddur á markvissan hátt í starfshætti leikskólans. Tilgangurinn er valdefling barna, að raddir þeirra heyrist, þau hafi áhrif og þau séu virkir þátttakendur. Rannsókn sýnir að börn í réttindaskólum sýna meira umburðarlyndi, stóðu frekar vörð um eigin réttindi, starfsánægja jókst í réttindaskólum, aukir sjálfstraust barna og jákvæð áhrif sáust á námsárangur.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Leikskólinn þarf að uppfylla ákveðnar kröfur til að verða réttindaskóli UNICEF.
Ábyrgð	Umsjónarfólk þessa verkefnis.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Innleiðingu verkefnisins öðrum hluta lýkur vorið 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Miklar leiðbeiningar fylgja verkefninu og fylgjum við þeim í hvívetna. Ýmiss vinna felst í því með börnum foreldrum og starfsfólki.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Viðurkenning réttindaskóla fer fram með reglulega millibili og þurfa skólar að uppfylla tiltekna kröfur til að halda réttindaskólatitlinum.



4. Starfsþróunarsamtöl

Hvernig og hvenær fóru þau fram?

Á síðasta skólaári náðist að halda tvö starfsþróunarsamtöl við nær allt starfsfólk. Samtölin fóru fram að hausti og á vori á skrifstofu leikskólastjóra eða í fundarherbergi leikskólans. Markmið þeirra var að ræða líðan í starfi, starfsþróun, samstarf og þau tækifæri sem starfsfólk sér til umbóta og þróunar.

Á skólaárinu 2026–2027 verða þessi samtöl með nýju fyrirkomulagi. Leikskólastjóri mun taka frá fastan tíma, að jafnaði eina klukkustund í viku, þar sem ein deild í senn fær tækifæri til stuttra einstaklingsviðtala. Hver starfsmaður getur komið í um 10 mínútna samtal til að ræða það sem brennur á hverju sinni, hvort sem það snýr að daglegu starfi, líðan, faglegri þróun eða öðrum málefnum. Þetta hefur verið kallað „reglulegt innlit“ hjá þeim skólum sem tekið hafa upp þetta fyrirkomulag.

Fyrirkomulagið verður útfært nánar á stjórnendafundi í ágúst með það að markmiði að finna þá framkvæmd sem hentar starfsemiinni best, hvort sem um verður að ræða vikulegt skipulag þar sem ein deild fær tíma í senn eða reglulegt innlit með öðrum hætti. Markmiðið er að auka aðgengi starfsfólks að stjórnendum, efla samtal og stuðla að markvissri starfsþróun og vellíðan í starfi.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2026–2027 byggir á umbótaþáttum leikskólans fyrir árið (áherslum skólanámskrár, umbótaáætlana, menntastefnunnar og áherslur úr starfsþróunarsamtölum). Hvernig eru starfsdagar skipulagðir út frá þessum forsendum, námferðir, ráðstefnur o.fl.

Símenntun starfsfólks fer fram með fjölbreyttum hætti, meðal annars í formi fyrirlestra, námskeiða og vinnustofa. Fræðslan er að mestu skipulögð í tengslum við skipulagsdaga en einnig eftir því sem tilefni gefst yfir skólaárið.

Á skólaárinu 2026–2027 verður lögð áhersla á fræðslu sem tengist áhersluþáttum skólans, svo sem læsi, félagsfærni og innleiðingu Réttindaskóla UNICEF. Jafnframt verður boðið upp á vinnustofur og fræðslu sem styðja við þá þróunarvinnu sem framundan er, meðal annars um vinnustaðamenningu og innleiðingu starfshátta í anda Reggio Emilia.

Skyndihjálparnámskeið eru fastur liður í símenntun starfsfólks. Þau eru haldin annað hvert ár í leikskólanum og til skiptis hitt árið á rafrænum námskeiðum á Torginu.



6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Tímasett áætlun um samstarf við grunnskóla og frístund kemur hér fram þar sem settar eru niður áherslur og skipulag næsta starfsárs.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
10.09.2026	Samráðsfundur stjórnenda leik og grunnskóla Seljahverfis	Suðurmiðstöð	Stjórnendur skólanna

Samstarf þessara aðila verður með hefðbundum hætti og ætlum við að hittast þann 10. September og fara betur yfir hvernig við viljum gera þetta og endurmeta samstarfið. Hefðbundinn háttur hefur hingað til verið á þennan veg:

- September: Skólastjórar hittast á samráðsfundi.
 - Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1.bekkjar grunnskólanna hittast og ræða komandi skólaár. Þeir fara yfir hvernig skólaheimsóknir gengu og þær endurmetnar. Einnig er farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári.
- Október: 1.bekkur kemur í heimsókn til okkar frá Seljaskóla.
- Nóvember: heimsóknir elstu barnanna í grunnskólana.
 - Nemendur úr 7.bekk koma og lesa fyrir börnin í leikskólanum á Degi íslenskrar tungu.
- Febrúar: Elstu börnin fara í heimsókn tvö í grunnskólana.
- Mars: Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2026-2027.
- Maí: Elstu börnin fara í heimsókn þrjú í grunnskólana.
- Júní: Leikskólinn skilar gögnum varðandi börnin í grunnskólana.
- Frístundaheimilið er heimsótt einu sinni að vori.





7. Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf hefur verið mjög farsælt hér í Jöklaborg. Foreldraráð og foreldrafélag hafa verið mjög virk og í góðum tengslum við stjórnendur skólans.

Nýir foreldrar fá aðlögunaráætlun senda áður en þau byrja ásamt foreldrahandbók sem inniheldur miklar upplýsingar um starfið í Jöklaborg ásamt praktískum upplýsingum. Foreldrar barna í aðlögun fara á kynningarfund áður en skólagangan hefst um almennar upplýsingar um Jöklaborg. Einnig fara foreldrar á fund með leikskólastjóra í hádegi á þriðja degi aðlögunar um skólastarfið. Þar fylla foreldrar einnig út aðlögunarpappíra og skila þeim undirrituðum.

Tölvupóstar fara reglulega til foreldra frá deildum alla eða annan hvern föstudag. Frá leikskólastjóra eftir þörfum hverju sinni.

Foreldrum er boðið á ýmsa viðburði í leikskólanum svo sem aðventukaffi, karlakaffi og konukaffi í tilefni af bóndadegi og konudegi. Foreldrafélagið sér um sumarhátíð þar sem þau kaupa ýmis skemmtiatriði og húllumhæ er mikið þann dag höfum við haft opið hús í leiðinni. Á þessa viðburði er ávallt góð mæting og gleði við völd.

Í Foreldrafélaginu er einn fulltrúi frá hverri deild. Foreldrafélagið kemur að jólaskemmtun, sumarhátíð eins og áður sagði, hestaheimsókn, leiksýningu og fleiri viðburðum sem er mismunandi milli ára. Þau skipuleggja einnig sveitaferð fyrir utan opnunartíma leikskólans. Foreldraráð skipa fjórir fulltrúar. [Foreldrasamstarf í skóla- og frístundastarfi | Reykjavík](#)

Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír einstaklingar. [Foreldrasamstarf í leikskóla | Reykjavík](#)

Foreldrafélag og foreldraráð voru óbreytt frá því á þarsíðasta skólaári. Það var ekki haldinn aðalfundur foreldrafélagsins þetta ár. Ástæðan er sú að talið var að foreldrar yrðu kallaðir saman þegar leikskólaleiðin yrði kynnt í október. Því var ákveðið að bíða með aðalfundinn og slá honum saman við þennan fund sem var svo aldrei boðaður. Foreldrafélag og foreldraráð ákváðu því eftir áramót að halda áfram og halda fund að hausti og setja hann í Leikskóladagatalið. Þangað er hann kominn og verður haldinn þann 7. október á þessu ári 2026. Við þökkum þessum tveimur ráðum fyrir mjög gott starf í vetur.





8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru sex á skólaárinu.

2026

24. ágúst

30. september. Sameiginlegur leik og grunnskólum í Seljahverfi

20. nóvember. Sameiginlegur leik og grunnskólum í Seljahverfi

2027

5. febrúar.

27. apríl. Sameiginlegur leik og grunnskólum í Seljahverfi

4. júní.

9. Þróunarverkefni

Sem stendur tekur leikskólinn ekki þátt í formlegu þróunarverkefni. Þróun og umbætur eru þó órjúfanlegur hluti af daglegu starfi og unnið er markvisst að fjölbreyttum þróunarverkefnum sem styðja við faglegt starf skólans.

Á skólaárinu 2026–2027 hefst samstarf okkar við fjóra leikskóla í Reykjavík um innleiðingu hugmyndafræði Reggio Emilia. Þrír af þeim skólum hófu samstarf fyrir ári síðan. Verkefnið er á undirbúningsstigi hvað okkur varðar og verður útfært nánar í samstarfi við þátttökuskólana.

Jafnframt er leikskólinn í innleiðingarferli að verða réttindaskóli UNICEF og hefst annað ár þess verkefnis á skólaárinu 2026–2027. Markmið innleiðingarinnar er að efla réttindamiðaða hugsun í öllu skólastarfinu og tryggja að sjónarmið og réttindi barna séu leiðarljós í daglegu starfi.

Einnig stendur til að hefja heildstæða vinnu við að efla vinnustaðamenningu leikskólans. Sú vinna felur meðal annars í sér endurskoðun á starfsháttum, verklagi og sameiginlegum gildum með það að markmiði að styrkja faglegt samstarf, starfsanda og skapa enn betri starfsumgjörð fyrir starfsfólk og börn.

Þessi verkefni endurspegla metnað leikskólans til stöðugrar þróunar og umbóta. Á næstu misserum verður jafnframt unnið að því að greina frekari tækifæri til þróunarverkefna sem styðja við framtíðarsýn og gæði skólastarfsins.





10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat Hlíðar 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Styrkleikar

Einn af styrkleikum deildarinnar er að starfsfólkið býr yfir mikilli starfsreynslu. Að auki hefur þessi hópur unnið saman í nokkur ár og mjög samstilltur. Við búum yfir ólíkri færni og styrkleikum og leggjum áherslu á að nýta hæfileika allra að sameiginlegu markmiði sem er að stuðla að góðri aðlögun og heilbrigðum félags og tilfinningaþroska yngstu barnanna í skólanum.

Áhersla var lögð á félagsfærni á þessu mikilvæga þroskaskeiði barnanna. Jafnframt lögðum við mikla áherslu á málörvun og læsi í víðum skilningi. Bóklestur, rím, söngur og samræður voru stór þáttur í daglegu starfi. Við lögðum áherslu á sjálfstæði, þátttöku og jákvæð samskipti í öllum þáttum starfsins.

Tækifæri

Félagsfærni, málörvun, skapandi starf og umhyggja. Markmiðið var að bjóða upp á góða aðlögun sem byggðist á virðingu til að skapa öryggi fyrir börn sem hefja leikskólagöngu sína. Við teljum mikilvægt að veita börnunum öruggt og styðjandi umhverfi þar sem þau geta unnið á heilbrigðan hátt úr aðskilnaði frá foreldrum sínum á meðan þau dvelja í leikskólanum. Við viljum hefja vinnu með orðaforðapemu strax að hausti og halda þeirri vinnu áfram allan veturinn. Nota virka hlustun og opnar spurningar í samskiptum við börnin í öllum aðstæðum.





10.2 Innra mat á Höll 2025-2026

Styrkleikar

Við erum samhentur hópur starfsfólks sem var virkur í starfi með börnunum. Áhersla var lögð á málörvun og læsi í víðum skilningi. Bókalestur, rím, söngur, spjall og spil. Við vorum með Lubbastund þar sem áhersla var á einn bókstaf eða máhljóð í hverri viku og verkefni unnin í tengslum við hann. Áhersla var á að efla sjálfstæði og sjálfsmynd barnanna í öllum aðstæðum.

Í skapandi starfi erum við að færa okkur nær hugmyndafræði Reggio Emilia. Börnin unnu að allskonar skapandi starfi úr opnum efnivið.

Tækifæri

Félagsfærni, málörvun og skapandi starf. Að hefja markvissa vinnu með Blæ. Hefja vinnu með orðaforðapemu strax að hausti og halda þeirri vinnu áfram allan veturinn. Nota virka hlustun og opnar spurningar í samskiptum við börnin í öllum aðstæðum. Nota „Gefðu 10“ með þeim börnum sem þess þurfa. Aðlaga skapandi starf enn frekar að hugmyndafræði Reggio Emilia. Auka lestrastundir þar sem börnum er skipt í hópa eftir styrkleikum.





10.3 Innra mat Sels og Kots 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Styrkleikar

Samhentur hópur starfsfólks sem var virkur í starfi með börnunum Áhersla var lögð á málörvun og læsi í víðum skilningi. Bókalestur, rím, söngur, spjall og spil. Við vorum með Lubbastund þar sem áhersla var á einn bókstaf eða málhljóð í hverri viku og unnin voru verkefni í tengslum við hann. Orðaforðaplaköt nýttust vel. Þemu upp úr „Orð eru ævintýri“ auðguðu orðaforða barnanna. Áhersla var á að efla sjálfstæði og sjálfsmynd barnanna í öllum aðstæðum. Einnig á hreyfingu með fjölbreyttum leikjum í sal og mikilli útiveru. Í skapandi starfi erum við að færa okkur nær hugmyndafræði Reggio Emilia. Börnin gerðu t.d. þrívíddarverk sem var sýnt í Gerðubergi á sýningu í tenglum við Barnamenningarhátíð.

Tækifæri

Félagsfærni, málörvun og skapandi starf. Að hefja markvissa vinnu með Blæ. Hefja vinnu með orðaforðapemu strax að hausti og halda þeirri vinnu áfram allan veturinn. Nota virka hlustun og opnar spurningar í samskiptum við börnin í öllum aðstæðum. Nota „Gefðu 10“ með þeim börnum sem þess þurfa. Aðlaga skapandi starf enn frekar að hugmyndafræði Reggio Emilia.



10.4 Innra mat Heima- og Vinabóls 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Styrkleikar

Leikgleði, sjálfstæði. Samheldinn hópur barna. Börnin eru uppfinningarsöm, jákvæð, vinnufús. Þau eru forvitin og vináttan ræður ríkjum. Börnin hafa unnið verkefni í anda könnunaraðferðarinnar, unnið með Blæ, Lubba og Orð eru ævintýri. Börnin fá tækifæri til að vera svokallaðir bókaormar og koma með bækur að heima. Elstu börnin fóru í útskriftarferð, stigu á svið í Hörpu á barnamenningarhátíð og áttu verk á sýningu í Gerðubergi.

Tækifæri

Töluverð tækifæri felast í að þróa skólann áfram í anda Reggio Emilia í samstarfi við nokkra aðra skóla í Reykjavík. Tækifærin varðandi sköpun, skipulagningu rýma, val á efnivið í leik og starfi verður fjölbreyttara og skemmtilegra. Alltaf gaman að læra nýja hluti í samvinnu við aðra skóla. Það verður spennandi að vera einungis með útskriftarbörn á elstu deild næsta vetur. Þau koma saman af fjórum deildum. Í því felst tækifæri til að efla félagsfærni og efla hópinn í að vera saman á deild. Í því felast auknir möguleikar á samstarfi milli Vínabóls og Heimabóls.



10.5 Umbótaáætlun deilda 2026-2027

Hlíð og Höll. Börn fædd 2024	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Leggja áherslu á íslensku þegar kemur að málörvun. Vera með það markmið að öll börn geti tjáð skoðanir sínar og hvað þau vilja í orðum eða með öðrum hætti þar sem aðrir skilja þau.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kenna íslenskan orðaforða með því að eiga jákvæð samskipti við börnin, lesa fyrir þau og syngja. Nýta þau tæki og tól sem við höfum t.d. málörvunarforrit eins og lærum og leikum og fleira. Deildin ætlar að vinna með orðaforðabemu, þar sem áherslu verður á að eiga samskipti við litla hópa í einu, þar sem við komum til með að leggja inn ný orð og spyrja opinna spurninga.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Í byrjun skólaárs (haust) og út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	EFI og LANIS málþroskaskimanir eru notaðar til þess að meta hvar börnin standa þegar kemur að málþroska þeirra. EFI metur íslenskukunnáttu á meðan LANIS metur hvar barnið stendur í móðurmáli eða tungumáli sem talað er heima. Starfsmenn koma til með að skrá að hausti hvar börnin standa, geta þau tjáð sig, svarað auðveldum spurningum og átt í góðum samskiptum. Endurtaka aftur að vori.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Meta framfarir milli prófana.





Hlíð og Höll. Börn fædd 2024

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skapandi starf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Aðlaga skapandi starf að hugmyndafræði Reggio Emilia. Leggja meiri áherslu á ferlið heldur en útkomuna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gefa börnum aðgengi að opnum efnivið og hvetja þau til að spreyta sig áfram í sköpun.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Í byrjun skólaárs (haust) og út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Merkja við hvaða börn koma í Listasmiðju yfir veturinn til að tryggja að öll börn fái tækifæri til að taka þátt í því sem þar fer fram. Taka myndir. Skrá það sem börnin segja um verkin sín Spyrja börnin að vori hvað þeim þótti skemmtilegast að gera í skapandi starfi hvort sem það var í Listasmiðju inni á deild eða annars staðar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að árangur feli í sér gleði barnanna við vinnuna fremur en afurð.





Hlíð og Höll. Börn fædd 2024	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Félagsfærni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla félagsfærni og jákvæð samskipti hjá 2–3 ára börnum. Börnin læri að heilsa, bíða eftir röð, nota kurteis orð og sýna tillitssemi í samskiptum við aðra.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk verði markvisst fyrirmyndir í samskiptum. Unnið verði með félagsfærni í daglegum aðstæðum, samverustundum, söngvum, bókum og leikjum. Notast verði við jákvæða styrkingu og hrós þegar börn sýna góða félagsfærni. Samræður og leiðsögn verði nýttar til að kenna viðeigandi samskipti.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Í byrjun skólaárs (haust) og út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fylgst með hegðun barna í daglegu starfi. Deildarfundir einu sinni í mánuði þar sem framfarir eru ræddar. Skráningar á athugunum. Foreldrakönnun eða samtöl við foreldra í lok tímabils.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Meirihluti barnanna sýnir aukna getu til að eiga jákvæð samskipti (Bjóða góðan dag, þakka fyrir sig og læra nota t.d. „má ég fá“ og „viltu gefa mér“) og leysa einföld ágreiningsmál með stuðningi fullorðinna. Starfsfólk upplifir aukinn jákvæðan samskiptabrag og foreldrar taka eftir framförum í félagsfærni barna.





Kot og Sel. Börn fædd 2022-2023	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að leggja mikla áherslu á málörvun. Markmiðið er að öll börn geti tjáð vilja sinn með orðum eða öðrum leiðum og skilið það sem fram fer.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kenna íslenskan orðaforða og setningagerð. Lesa bækur, spila og syngja. Nýta orðaforðaplakötin, ýmis málörvunarforrit og öpp. Vinna með orðaforðapemu. En fyrst og fremst að eiga samtal við börnin, leggja inn ný orð, spyrja þau opinna spurninga og styðja við alla tjáningu.
Ábyrgð	Deildarstjóri, og allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Að hausti og út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	EFI – 2 og LANIS málþroskaskimanir eru notaðar til að meta málþroska. EFI metur stöðu í íslensku en með LANIS er staða barna í heimamáli einnig metin af foreldrum. Skrá niður að hausti hvort börnin tjái sig með orðum og myndi setningar. Hvort þau geti tjáð vilja sinn, svarað spurningum og átt samskipti við önnur börn og fullorðna. Endurtaka að vori.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hvort að framfarir verði milli prófana.





Kot og Sel. Börn fædd 2022-2023	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skapandi starf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að aðlaga skapandi starf að hugmyndafræði Reggio Emilia. Leggja meiri áherslu á ferlið en útkomuna og að skapandi starf felur í sér margvíslega þætti.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gefa börnunum aðgang að eins fjölbreyttum efnivið og hægt er og hvetja þau til að leyfa sköpunargleðinni að ráða.
Ábyrgð	Listasmiðjustjóri, deildarstjóri, og starfsfólk deilda
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Merkja við hvaða börn koma í Listasmiðju yfir veturinn til að tryggja að öll börn fái jöfn tækifæri til að taka þátt í því sem þar fer fram. Taka myndir. Skrá það sem börnin segja um verkin sín Spyrja börnin að vori hvað þeim þótti skemmtilegast að gera í skapandi starfi hvort sem það var í Listasmiðju inni á deild eða annars staðar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að árangur feli í sér gleði barnanna við vinnuna fremur en afurð.





Heimaból og Vinaból börn fædd árin

2021 og 2020

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Vinna með Lubba, lestur bóka í leikskóla og heima. Nýta “Bókaorm” sem einnig eflir samstarf heimilis og skóla. Leggjum áherslu á íslensku í leik og starfi, ekki síst íslenska tónlist og leikskólalög. Efla hljóðkerfisvitund.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Lestur bóka, spila við börnin, hlusta á tónlist og læra þulur. Setja orð á allar athafnir. Hafa ritmál sýnilegt.
Ábyrgð	Allt starfsfólk ber ábyrgð undir leiðsögn deildarstjóra
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hljóm-2 prófið metur áhættu eða líkur á velgengni í lestrarnámi
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Niðurstaðan úr Hljóm-2 prófum. Prófun getur farið fram tvisvar og árangur eða breytingar milli prófana er góð vísbending.





Heimaból og Vinaból börn fædd árin

2021 og 2020

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skapandi starf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að við vinnum markvisst að starfi í anda Reggio Emilia. Góð listasmiðja er í leikskólanum. Mikil sóknarfæri í að vinna með ljós og skugga, liti, áferðir og annað í listrænu starfi í anda Reggio Emilia.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa efnivið í hæð barna og í passlegu úrvali, bæði á deildum og í listasmiðju. Hafa kveikjur sýnilegar, myndir á veggjum, afurðir úr náttúrunni eða hvað annað sem eykur þörf barna fyrir að langa til að skapa
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Gera uppeldisfræðilegar skráningar, skrá mætingu barna í listasmiðju til að tryggja jafnan aðgang að listasmiðjunni. Afrakstur verkefna í anda könnunaraðferðarinnar sýnd á deild eins og verið hefur og foreldrum, börnum og starfsfólki frá öðrum deildum boðið að koma og sjá.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Áherslan alltaf á lærdómsferlið fremur en listræna afurð. Uppeldisfræðilega skráningar eru tilvaldar til að fylgjast með börnunum vaxa í starfi. Í lok ársins munu börnin koma fram og syngja á Barnamenningarhátíð og eflaust eins og oft áður setja upp sýningar á verkefnum inni á deild.





Heimaból og Vinaból börn fædd árin

2021 og 2020

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Félagsfærni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Börnin, sem öll veða á útskriftarári koma af Koti, Seli og nokkur hafa verið í ár á Vina- eða Heimabóli. Að þjappa hópnum saman í samhenta heild þar sem þau una sér og njóta samverunnar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Styrkja þau í orðavali, málnotkun og samskiptareglum og-venjum. Nota áfram Vináttuverkefnið með Blæ. Efla samkennd og kenna þeim að meta fjölbreytileikann og litróf leikskólans eins og tækifæri eru til.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræða á starfsmannafundum, deildarfundum. Skoða skráningar af ýmsu tagi. Skoða sérstaklega börn sem eru tvítyngd og með hæfniramma eða börn með sérstakar skráningar eins og AEPS lista eða þ.h.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Gera endurmat á fundum, skráningar





F. h. leikskólans Jöklaborgar

Ásta Kristín Svavarsdóttir 10.07.2026

Leikskólastjóri

Dagsetning





10.6 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Benjamín Björn Hinriksson
Karen Mjöll Árnadóttir
Magnea Kristín Snorradóttir
Stefanía Smáradóttir

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans





Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



